



Velferðar- og mannréttindaráð
Björg Baldursdóttir formaður

Kópavogi, 5. mars 2026
26011311/305.00 JLÓ

Efni: Breytingar á reglum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Þjónustuformið notendastýrð persónuleg aðstoð eða NPA var lögfest árið 2018 og byggir á 11.gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglugerð nr. 1250/2018. Í ljósi þess að um nýtt þjónustuform var að ræða var kveðið á um ákveðið innleiðingartímabil í bráðabirgða ákvæði laganna. Í upphafi var gert ráð fyrir innleiðingartímabili til loka árs 2022 en það var síðar framlengt til loka árs 2024. Við lok innleiðingartímabilsins átti að fara fram endurskoðun á fyrirkomulagi NPA og leyst úr þeim álitamálum sem upp hafa komið með nýrri reglugerð auk breytinga á lagaákvæðum ef þörf væri á.

Starfshópur sem stóð að heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 skilaði [skýrslu](#) í apríl 2022 í kjölfarið var skipaður annar starfshópur sem hefur skilað tveimur áfangaskýrslum nr. [1](#) og [2](#) um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk. Niðurstöður þessara greininga voru að endurskoða yrði ákvæði laga nr. 38/2018 varðandi notendastýrða persónulega aðstoð og setja nýja reglugerð um sama efni. Þeim breytingum yrði ætlað að styrkja og auka gæði NPA þjónustunnar í ljósi reynslunnar. Þeirri vinnu átti að ljúka fyrir 1. apríl 2024. Endurskoðun reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð hefur ekki náð fram að ganga þrátt fyrir að hafa verið í undirbúningi frá árinu 2023 með forsamráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks, Samband íslenskra sveitarfélaga o.fl. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu undanfarin tvö ár stýttist í að reglugerðin komi til opinbers samráðs. Að svo stöddu stendur ekki til að breyta lagaákvæðinu svo undirrituð viti til.

Þar til innleiðingartímabilið hefur verið gert upp og ný reglugerð liggur fyrir hafa sveitarfélögin sett sér bráðabirgðareglur um NPA til að vinna eftir. Hjá Kópavogsbæ hafa þær verið samþykktar tímabundið til árs í senn meðan beðið er eftir nýrri reglugerð. Lagt er til að nú verði reglurnar samþykktar án gildistíma þar sem ljóst er að þær verða endurskoðaðar þegar ný reglugerð verður gefin út af ráðherra. Í leiðinni er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á ákvæðum 1. gr., 3. gr., 5. gr., 6.gr., 7.gr., 9. gr., 10.gr., 11. gr., 12. gr. og 23. gr. reglnanna. Í flestum tilvikum er um að ræða minniháttar orðalagsbreytingar nema hvað varðar eftirfarandi: Í 1. gr. er verið að eyða út úreltum texta um innleiðingartímabil NPA. Í 3. gr. er verið að flytja texta um forgangsöröðun umsókna í nýja grein aftar í reglunum. Í 7. gr. er verið að eyða út ákvæðum er varða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins en afgreiðsla umsóknar um NPA á ekki að byggja á fjárhagsáætluninni hins vegar eru fjárheimildir í fjárhagsáætlun forsendur þess að gerður verði NPA samningur sbr. breytingar á 11. gr. Þar til fjárheimild skv. fjárhagsáætlun er tryggð er umsókn um NPA samþykkt á biðlista.

Virðingarfyllt,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Skrifstofustjóri velferðarsviðs

